

STARFSREGLUR

SJÓÐSSTJÓRNAR VÍSINDA- OG STARFSMENNTUNARSJÓÐS KJARAFÉLAGS TÆKNIFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ) starfar samkvæmt reglum um Vísinda- og starfsmenntunarsjóð KTFÍ á grundvelli kjarasamninga félagsins við Fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg, Samband ísl. sveitarfélaga og aðra aðila. Tekjur sjóðsins eru framlag vinnuveitenda.

STARFSREGLUR

- Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn í KTFÍ sem greitt er reglulega fyrir í sjóðinn.
- Sjóðsfélagar skulu að jafnaði eiga kost á hámarksfyrirgreiðslu, 450.000 kr. fyrir hver 3 ár sem greitt hefur verið fyrir þá í sjóðinn og hlutfallslega fyrir skemmri tíma, þeir öðlast fyrst rétt til fyrirgreiðslu, hámark 150.000 kr. eftir eins árs sjóðsaðild og fullt starfshlutfall, annars hlutfallslega miðað við starfshlutfall.
 - Láti félagismaður af störfum og fari á eftirlaun eða missi starf sitt og verði atvinnulaus heldur hann áunnum réttindum í eitt ár frá því að greiðslur hætta að berast í sjóðinn, eftir það minnka réttindi á sama hátt og ávinnslan. Réttindi fyrnast á þremur árum frá því að hætt er að greiða í sjóðinn miðað við fulla réttindastöðu, annars hlutfallslega. Samþykkt umsókn heldur þó gildi sínu í 12 mánuði.
 - Hætti greiðslur að berast í sjóðinn vegna félagsmanns sem skiptir um starf, þá er hann ekki lengur sjóðfélagi og á ekki rétt á styrk úr sjóðnum frá og með þeim tíma sem greiðslur hætta að berast sjóðnum. Samþykkt umsókn sem berst meðan félagismaður er enn aðili að sjóðnum heldur þó gildi sínu í 12 mánuði
- Styrkir eru veittir einstökum sjóðfélögum til:
 - að sækja námskeið og/eða ráðstefnur,
 - að stunda nám innanlands eða utan,
 - rannsókna og þróunarverkefna,
 - sjálfsnáms, t.d. til kaupa á fagbókum, sérhæfðum forritum eða tölvubúnaði.
- Styrkir eru veittir til að standa straum af kostnaði umsækjanda, námskeiðs-, ráðstefnu- eða námskostnaði, ferðakostnaði og dvalarkostnaði innan lands eða utan, kostnaði við rannsókna- og þróunarverkefni eða sjálfsnám. Ferðakostnaður til útlanda miðast að öllu jöfnu við hagstæðasta ferðamáta. Um dvalarkostnað og dagafjölda skulu gilda reglur ríkisins og dagpeningar skulu vera þeir sem ákvarðaðir eru af ferðakostnaðarnefnd.
- Styrkir til kaupa á tölvubúnaði skulu ekki vera hærri en 75% af innkaupsverði og að hámarki 200.000 kr. Styrkur til kaupa á tölvubúnaði er hluti af almennum réttindum og endurnýjast á þrem árum miðað full réttindi. Þessir styrkir eru tengdir afkomu sjóðsins og skulu aðrar umsóknir hafa forgang.
- Styrkir eru veittir Kjarafélagi Tæknifræðingafélags Íslands til:
 - námskeiðahalds á vegum þess eða í samstarfi við aðra
 - öflunar fagrita
 - að skapa aðstöðu til endurmenntunar.

Styrkur til eins ákveðins verkefnis skv. þessari grein má ekki nema hærri upphæð en sem nemur helmingi af styrkveitingum þess árs sem sem viðkomandi styrkur er samþykktur.

7. Stjórn sjóðsins fjallar um umsóknir en getur einnig heimilað úthlutunarnefnd að afgreiða umsóknir sem falla innan áður samþykks ramma. Allar umsóknir skulu síðan staðfestar af stjórn.

8. Umsóknum skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði til skrifstofu félagsins Engjateigi 9, Reykjavík eða til sjóðsstjórnar. Eyðublöð fást hjá sömu aðilum. Rafræn eyðublöð má finna á heimasíðu félagsins.

9. Á umsóknum skal vera lýsing á námi eða verkefni sem styrkur skal renna til, áætlaður kostnaður auk þess skal tilgreint hvenær og hvar fyrirhugað er að stunda námið eða vinna verkefnið. Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess að óska eftir frekari upplýsingum.

10. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði fara fram gegn framvísun reikninga og/eða annarra gagna sem sanna að styrkur nýtist til þeirra verkefna sem ætlað er.

11. Styrkþegi skal að verkefni loknu skila ferðareikningi/lokareikningi og örstuttri greinargerð um verkefnið.

Samningur þessi tekur gildi 1. júlí 2011.

Samþykkt á fundi stjórnar Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ 3. nóvember 2011S

Starfsreglur samþykktar af stjórn KTFÍ 14. nóvember 2011